

undan hugsuninni, sem hugsar, og þetta sem hugsar er sálin. Kant sýndi fram á að hér væri tvennu ólíku blandað saman. Ég í setningunni: ég hugsar, er óaðskiljanlegt frá hugsuninni, það er hvergi til nema í athöfninni að hugsar. Að skilja það frá athöfninni sjálfri og setja það andspænis hinu hugsandi *ég* er, frá Kants sjónarmiði jafn heimskulegt og að segja t.d. að tíminn sé sjáanlegur. Sál heimspekinganna er alt annað en hið hugsandi *ég*; hún á að vera þetta *ég* en er það ekki, vegna þess, að um leið og það er fráskilið þeirri einu athöfn, sem gefur meðvitund um það er ómögulegt að sanna að það sé til; og þá um leið jafn ómögulegt að sanna að það sé ódauðleg sál.

Á sama hátt sýnir hann fram á að heimspekiskenningar Wolff-Leibniz skólans séu fullar af mótsögnum. Í staðinn fyrir að láta reynzlu þekkinguna nægja hafði sá skóli myndað sér skoðanir, sem áttu að vera óhrekjanlegar, frá sjónarmiði rökfræðinnar og þarafleiðandi ómótmalanlegar. Þessar skoðanir eyðileggur Kant á þann hátt að koma með aðrar þeim algerlega andstæðar, en sem má sanna alveg á sama hátt. Aðferð hinna eldri heimspekinga er, frá hans sjónarmiði, röng frá rótum og þarafleiðandi geta skoðanirnar ekki verið óbyggjandi, eins og menn höfðu ímyndað sér. Tilverusönnun Anselms fyrir því að guð sé til, segir Kant, að sé alveg eins og ef fátækur maður hugsaði svona: ég hefi hundrað dali í ímyndun minni, þess vegna hlýt ég líka að hafa hundrað dali í buddunni. Sannanir þær fyrir tilveru guðs, sem byggðar eru á sýnilegum tilgangi í heiminum og skynamlegri tilhögun í náttúrinni, sem mjög mikið voru notaðar af guðfræðingum þeirra tíma, fara sömu leiðina hjá Kant. Þær eru rangar og ógildar, vegna þess að í þeim er stigið frá hinu þekkjanlega yfir til hins óþekkjanlega; en það er spor, sem að skynsemin getur aldrei eðli sínu samkvæmt stigið. Siðferðis sönnunin svo nefnda er frá sjónarmiði skynseminnar jafn haldlaus og hinar. En samhliða hinni hreinu skynsemi er til önnur skynsemi, sem hefir annan tilgang, nefnilega hin nyt sama skynsemi. En áður en byrjað er að athuga hvað Kant meinar með henni er réttast að virða nokkð betur fyrir sér